



HLUTVERK

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

STEFNUÞÆTTIR

BARNIÐ, NEMANDINN, UNGMENNIN

Sterk sjálfsmynd og félagsfærni

Sterk sjálfsmynd, samkennd og samskiptafærni.

Jöfn tækifæri þar sem hugað er að velferð allra.

Aukið sjálfstæði, frumkvæði, metnaður og ábyrgð.

Öryggi, heilbrigði, vellíðan og gleði

Heilbrigður lífsstíll.

Öruggt umhverfi þar sem unnið er markvisst gegn áhættuþegðun.

Komið er til móts við ólík áhugasvið.

Viðtæk þekking, færni og árangur

Aukin gæði í öllu starfi í þeim tilgangi að efla þekkingu, færni og árangur.

Læsi í viðum skilningi, gagnrýnin hugsun og samræða.

Færni í tölvu- og upplýsingatækni.

Tækifæri til að vinna að nýsköpun.

Aukin þekking og færni í raunvísindum.

Aukin þekking á listum og menningu og færni til sköpunar.

Aukin umhverfisvitund og menntun til sjálfbærni.

Samfélagsleg ábyrgð, virkni og víðsýni

Aukin þekking á grunngildum samfélagsins og mannréttindum.

Samfélagsleg ábyrgð og lýðræðisleg þátttaka.

Frumkvæði, víðsýni og aðlögunarhæfni.



VERKLAG

Nám og starf án aðgreiningar og við hæfi hvers og eins

Koma til móts við ólíkar þarfir með fjölbreyttum aðferðum og viðfangsefnum.

Tryggja jafnræði allra einstaklinga til virkrar þátttöku í daglegu starfi.

Stuðningur og ráðgjöf tryggja góðar aðstæður til náms og leiks og bestan mögulegan árangur og líðan.

Samstarf byggt á lýðræði og fjölbreytni

Öll börn, nemendur og ungmennt séu virkir þátttakendur í lýðræðislegu samstarfi.

Foreldrar séu virkir þátttakendur, ábyrgir og upplýstir samstarfsaðilar.

Markviss og samræmd upplýsingamiðlun og fræðsla til foreldra og barna/nemenda/ungmenna.

Öflugt samstarf við nærsamfélagið, atvinnulífið og háskólasamfélagið.

Flæði á milli skólastiga, námsgreina og skóla- og frístundastarfs

Starfsstöðvar þrói aðferðir til að auka samstarf í sveiganleika, flæði og samfelli í skóla- og frístundastarfi.

Auka samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs við lok leikskólagöngu.

Umbætur, mat og nýbreytni

Innleiðing nýrra aðalnámskráa.

Ytra mat fyrir starfsemi skóla- og frístundasviðs sem nýtt er til umbóta.

Stöðugt er fylgst með stefnum og straumum í uppeldis-, mennta- og tólmundastarfi og lögð áhersla á framþróun og nýbreytni.

Stuðningur við starfsstaði í breytingaferli.

Tilrauna-, þróunar- og umbótastarf byggja á rannsóknnum og árangurinn metinn.

Traust og fjölbreytt mat á námsárangri, líðan og félagsfærni.

Ábyrg skjalastjórnun og stjórnsýsla, virkt gæðakerfi og innra mat.

MANNAUÐUR

Fagleg forysta

Framsækin stjórnun þar sem stefna, hlutverk og markmið eru skýr.

Stjórnendur og starfsmenn leitast stöðugt við að efla starf og bæta árangur.

Stjórnun einkennist af jákvæðu viðhorfi og virku upplýsingastreymi.

Eftirsóknarvert, vinsamlegt og hvetjandi starfsumhverfi

Samstarf á vinnustaðnum byggist á trausti, endurgjöf, virðingu og sveigjanleika.

Allir starfsmenn fara í starfsþróunarsamtal og það markvisst nýtt.

Jafnræðis er gætt í launum og kjörum starfsmanna í sambærilegum störfum.

Ráðningaferli byggist á faglegum forsendum mannauðsstjórnunar.

Heilsuefandi og öruggt starfsumhverfi.

Hæft og áhugasamt starfsfólk með metnað til árangurs

Allir starfsmenn taki þátt í símenntun við hæfi.

Starfsmenn geta beitt matsaðferðum og nýtt sér leiðir til umbóta.

Störf innan skóla- og frístundasviðs eru vel kynnt fyrir fólki sem er að velja sér náms- og starfsvettvang.

Lærdómssamfélag sem byggir á þverfaglegu samstarfi

Markvisst samstarf og virkt þekkingarflæði er innan og á milli starfsstaða.



AUÐLINDIR

Hagkvæm nýting fjármagns

Útgjöld allra stofnana eru innan fjárheimilda miðað við þá þjónustu sem veita á.

Stöðug rýning tækifæra til endurskipulagningar.

Bæta fjárhagslegt eftirlit og ráðgjöf.

Samræma úthlutunarreglur.

Raunkostnaður við þjónustuþætti verði aðgengilegur.

Skilvirk upplýsingatækni

Virk stefna í upplýsinga- og samskiptatækni.

Góður aðbúnaður

Aðstaða, tæki og búnaður sem hæfa fjölbreyttu starfi.

Aukin samnýting á húsnæði og búnaði.